



Laganefnd L.M.F.Í.

Umsögn um frumvarp til laga um
breyting á alm. hgl., nr. 19/1940, o.fl.
(258. mál).

Alþingi

Erindi nr. P 121/1516
komudagur 10/4 1997

Reykjavík, 9. apríl 1997

Stjórn Lögmannafélags Íslands fól laganefnd félagsins að fara yfir og semja umsögn um frumvarp þetta.


Í 1. gr. frumvarpsins er ráðgert að til samræmingar verði sett tímamörk á greiðslufrest sekta og er gert ráð fyrir að hámarkstími verði eigi lengri en eitt ár. Telja verður breytinguna til bóta með tilliti til samræmingar. Þó er þess að geta að þegar um er að ræða mjög háar sektir getur ákvæðið orðið til trafala, en skv. greinargerð með frumvarpinu er algengt að afborgunarsamningar hafi verið gerðir til lengri tíma en eins árs þegar um háar sektir er að ræða. Afborgunarsamningar geta í mörgum tilfellum leitt til þess að sektarkrafa fæst greidd og er í samræmi við þá stefnu, sem mótuð hefur verið, að gefa borguninum kost á að greiða t.d. skattkröfur með samningum við ríkið í stað þess að krefjast gjaldþrotaskipta. Kemur því til álitá, að mati laganefndar L.M.F.Í., að lengja frestinn í t.d. 2. ár og gera afborgunarsamninga þannig raunhæfara úrræði. Loks má bæta því við að ósennilegt er að lengri frestur til greiðslu sektar dragi úr varnaðaráhrifum refsingarinnar.

Í 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um vararefsingu vegna sáttagerða hjá lögreglustjórum vegna sekta allt að 100.000 krónum. Samkvæmt orðalagi ákvæðisins er vararefsing í þessum tilvikum sjálfvirk, þ.e.a.s. að vararefsing "afplánast með varðhaldi" hafi viðkomandi gengist undir sáttaboð en ekki greitt sektina. Af ákvæðinu sjálfu verður ekki ráðið að sakborningur, sem gengst undir sekt, sé gert að gangast undir vararefsingu sérstaklega, heldur má ráða að vararefsing komi til óháð því hvort vararefsingarinnar er getið í sátt eða ekki. Þetta þýðir væntanlega að hafi sakborningur gengist undir sektargreiðslu, 100.000 krónur, gengst hann sjálfkrafa undir 20 daga vararefsingu (varðhaldsvist). Þetta fyrirkomulag verður að teljast afar óheppilegt. Nauðsynlegt er að taka það skýrt fram í ákvæðinu, að samhliða sátt um greiðslu sektar skuli viðkomandi jafnframt vera gert að gangast undir vararefsingu, sem ákvarða skal með fyrrgreindum hætti. Er þetta sérstaklega mikilvægt þar sem ekki er gert ráð fyrir því að sakborningur geti á síðari stigum fengið lögreglustjórásátt hnekkkt, sá réttur er eingöngu hjá ríkissaksóknara. Þetta þýðir með öðrum orðum að hafi sakborningur gengist undir lögreglustjórásátt, en síðan snýst honum hugur, getur hann ekki lengur látið hjá líða að greiða sáttina og látið málið þar með ganga til dómstóla, heldur verður viðkomandi nú að sæta því að greiða sáttina eða sæta varðhaldi ella. Eldri er fallist á það með frumvarpshöfundum, að réttaröryggi sé nægilega tryggt við meðferð mála hjá lögreglustjórum og að ekki geti komið til réttarspjalla. Hér er sérstök ástæða til að

gæta fyllstu aðgæslu, því ekki þykir rétt að borgurunum sé gert að sæta varðhaldi, án dómsmeðferðar og án þess að geta borið málið undir dómstóla með aðgengilegum hætti.

Í 4. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um svokallað "punktakerfi" ökumanna. Samkvæmt greininni skal ökumaður sviptur ökuleyfi í þrjú mánuði hafi hann á 3ja ára tímabili gerst sekur um þrjú eða fleiri brot á umferðarlögum eða reglum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji reglugerð um punktakerfið, þ.m.t. um vægi einstakra brota. Ökuleyfissvipting samkvæmt ákvæði þessu verður til viðbótar öðrum viðurlögum. Einu takmörkin, sem mælt er fyrir um í ákvæðinu, er að brotin séu a.m.k. þrjú og framin á 3ja ára tímabili. Til athugunar er að afmarka punktakerfið að einhverju leyti í lagaákvæðinu, t.d. með því að mæla fyrir um að hvert brot skuli að hámarki fela í sér tiltekinn punktafjölda og að sviptingu sé ekki beitt fyrr en tilteknum punktafjölda er náð, svo sem 12 punktum. Óheppilegt kann að vera að afmarka þessa þætti alfarið í reglugerð, sérstaklega þar sem tiltölulega auðvelt ætti að vera að setja rammann í lögnum sjálfum þó svo nánari útfærsla væri ákveðin í reglugerðinni.

Virðingarfyllt
f.h. laganefndar L.M.F.I.



Marteinn Másson, framkv. stj.